



1, 9.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Ágúst 1906.

Pakklátsemi.

Það er bædi follegt og gott að vera þakklátur. Þakklátan mann er skemtilegra að horfa á og umgangast en vanþakklátan mann. Og þakklátum manni líður miklu betur en vanþakklátum. Honum verður líka betra af öllu. Þeim, sem t. d. higgur matinn sinn með þakklæti, verður miklu betra af honum en hinum. Þakklátsemin er ágætt meðal til heilsubótar, hæði líkamlega og andlega. Vanþakklætið og óánægjan og ólundin er skaðleg fyrir hvortveggja.

Það er margt, sem ætti að gera okkur þakklát. En við verðum það ekki nemia við *temjum* okkur það—hreint og beint *lerum* að vera þakklát. Þurfum að læra það á barnsaldri. Byrja undir eins í barnæsku á því að temja okkur það. Og eiga hinir fullorðnu að hafa það fyrir börnunum—sýna þeim, að þeir hafi lært þakklátsemina og temji sér hana.

Eg ætla að segja ykkur ofur litla sögu af

ÞAKKLÁTUM Í RA.

Það var verið að safna meðal almennings á frílandi sam-skotum fagnaðarerindinu til útbreiðslu eða til kristilegs missiónarstarfs. Þá kom fátækur íri nokkur og lagði fram stóran skerf til fyrtækisins. Ástæður hans voru kunnar, og var reynt að telja hann af því að gefa svona mikið. En hann svaraði: „Takið þið líklaust við því. Því fagnaðarerindi drottins á